

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. <i>0-0</i>	K/S <i>3.10.18</i>
Ábm. <i>[Signature]</i>	Svfr.
Afgr. <i>[Signature]</i>	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.



Sveitastjórnir

UMHVERFIS- OG
AUDLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 25. október 2018
Tilv.: UMH18070069/54-11

Efni: XI Umhverfisþing 9. nóvember 2018

Hér með boða ég til ellefta Umhverfisþings föstudaginn 9. nóvember 2018. Þingið fer fram á Grand hótél og er yður boðið að taka þátt í þinginu.

Að þessu sinni verður grunnstef þingsins ný hugsun í náttúruvernd og þau tækifæri sem geta falist í friðlýsingum svæða. Meðal annars verður kynnt ný rannsókn á efnahagslegum áhrifum friðlýstra svæða, rædd verða tengsl náttúruverndar og byggðapróunar og áform um stofnun Þjóðgarðs á miðhálandi Íslands skoðuð frá ólíkum sjónarhornum. Þinginu lýkur með pallborðsumræðum um sama efni.

Þrír erlendir gestir ávarpa þingið. Nigel Dudley, ráðgjafi fyrir Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin IUCN, útskýrir hvað felst í verndarflokkum samtakanna sem notaðir eru sem viðmið fyrir verndun svæða um allan heim. Lizzie Watts, frá Þjóðgarðastofnun Bandaríkjanna, fjallar um samstarf hins opinbera og einkaaðila á vernduðum svæðum. Loks ræðir Chris Burkard, útivistarljósmyndari og fyrirlesari, um upplifun sína af miðhálandi Íslands í máli og myndum. Dagskrá þingsins er að finna á vef umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Hægt verður að fylgjast með Umhverfisþingi í beinni útsendingu á vef umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Þingið stendur frá kl. 13–17 og er öllum opið meðan húsrúm leyfir, en nauðsynlegt er að þátttakendur skrái sig eigi síðar en 6. nóvember nk. í á vef umhverfis- og auðlindaráðuneytisins á slóðinni: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-naturuvernd/vidburdir-og-sjodir/umhverfisting/>

Það er von mín að þingið verði vettvangur upplýstrar umræðu og skoðanaskipta um náttúruvernd og friðlýsingar og geti nýst stjórnvöldum við stefnumótun og almennt til að efla umræðu og styrkja vitund fólks um þessi málefni hér á landi.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson